



**Jarðskrið á Siglufjarðarvegi - vöktun með úrkomumælingum og úrkomuspám.
Einar Sveinbjörnsson og Sveinn Gauti Einarsson. Veðurvaktin – maí 2023.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Um nokkurt skeið hefur verið hugað að því hvernig bæta megi vöktun á veðri á þeim hluta Siglufjarðarvegar þar sem hættast er við jarðskriði. Einkum í Almennungunum þar sem fylgst hefur verið nokkuð vel með hreyfingum lands við veginn. Miklar og ákafar rigningar og/eða snöggar hitabreytingar eru taldar eiga þátt í skriðuföllum.

Markmiðið er að safna saman mælingum og spám um veður og hreyfingar jarðarinnar og birta í rauntíma á notendavænan hátt á eins konar mælaborði. Með slíkri vöktun er unnt að “flagga” mikilli úrkomu eða ákefð í þeim tilgangi að auka viðbúnað og öryggi vegfarenda.